
Gagnkvæm viðskipti Jóhönnu við Portúgali:

# EPLI HINGAÐ FYRIR ÞORSKHAUSANA

HEI — „Með þessu vil ég sanna að það er hægt að flytja hingað ávexti frá Portugal á góðu verði (sem þýðir þá að sjálfsögðu lágu verði), en ég get líka selt þangað þorsk á góðu verði" (sem þá þýðir auðvitað háu verði), sagði Jóhanna Tryggvadóttir, sem í dag gengst fyrir markaði á Lækjartorgi með glæný epli beint frá Portugal, sem skipað var upp í gærdag.

„Þetta er fyrsta tilraunin og einhvers staðar varð að byrja", sagði Jóhanna og átti þá við eplin og þorskhausana sem hún hefur flutt frysta til Portúgals nú í sumar og haust fyrir gott verð, a.m.k. þegar miðað ver við það að hingað til hefur það orðið helsta hlutskipti þorskhausa að hafna í guanó. Eplin sagði Jóhanna 1. flokks og verðið á markaðnum verði um 550 krónur kílóið, eða um 10 þús. kr. kassann, sem telja megi ódýrt miðað við að í verslunum kosti þau frá 980-1500 krónur. Tíminn hringdi í eina stórverslun þar sem verðið var 1098 og 1180, en tekið fram, að það væri gamalt verð en nýn sending væri að koma með nýju verði.

Líklega er það bara tilviljun að það skyldu verða eplin, fremur öðrum ávöxtum, sem urðu fyrir valinu hjá Jóhönnu. En ekki gat fréttamaður að því gert að upp í hugann skaut sögunni úr Paradís forðum.



Sjöunda dags aðventistar hafa opnað verslun að Skólavörðustíg 16, Reykjavík. Verslunin ber nafnið „Frækornið" og hefur hún á boðstólum bækur frá Bókaforlagi aðventista á Íslandi og bækur, rit og hljómplötur og aðrar vörur útgáfufyrirtækja aðventista erlendis.

Þá er verslunin með hollar matvörur, flestar frá matvælaverksmiðjum aðventista erlendis og eru vörur þessar yfirleitt unnar úr jurtahráefnum. Má þar nefna Nutana í Danmörku. Gran rose í Bretlandi, Loma Linda og Worthington í Bandaríkjunum, Verslunarhúsnæðið var hannað af Róbert Brimdal.

Verslunin verður opin mánudaga til fimmtudags frá kl. 9-18. en 9-14 á föstudögum. Á myndinni má sjá þau Trausta Sveinsson verslunarstjóra og Oddnýju Þorsteinsdóttur. Tímabert.

# Í dag er dagur Sameinuðu þjóðanna

**Þann 24. október er dagur Sameinuðu þjóðanna og á þeim degi er starfs samtakanna minnst víða um heim. Oft og tíðum virðist mönnum, sem það starf sé til lítils unnið og að samtökunum hafa mistekist það ætlunarverk sitt, „að forða mannkyninu frá hörmungum styrjalda." Verður mönnum þá starsýnt á það sem miður hefur farið, en hinn mikli árangur Sameinuðu þjóðanna á ýmsum sviðum vill gleymast.**

Sameinuðu þjóðirnar hafa fært milljónum manna um víða veröld von um betra líf, sérstofnanir samtakanna á borð við Matvæla- og landbúnaðarstofnunina, FAO, Alþjóðaheilbrigðisstofnunina, WHO, Barnahjálpina og Flóttamannastofnunina, hafa unnið sleitulaust og oft við erfið skilyrði að því að gera vanþróuðum þjóðum kleift að tileinka sér nútímatækni svo þær geti á komandi tímum búið við betri lífsskilyrði en í dag og stofnanirnar hafa aðstoðað hjálparþurfi eftir megni.

Sameinuðu þjóðirnar hafa einnig gert þúsundum ungmenna kleift að afla sér menntunar og enn má nefna starf samtakanna á sviði mannréttinda.

Þessir þættir eru einungis hluti þess mikla starfs, sem samtökin hafa unnið í þátu alls mannkyns og þó að fyllstu vonir, sem bundnar eru við þau, hafi ekki ræst enn, þá er víst að veröldin er betri staður fyrir fjölskyldu manna, en verið hefði án Sameinuðu þjóðanna. Því er það að þetta mikilvæga starf má ekki gleymast, þó að mönnum sýnist oft leiðin löng og torfarin.


# ‚REFARÆKT'

KL — Út er komið ritið „Refarækt". Höfundar eru tveir ungir menn, þeir Björgólfur Jóhannsson stud. oecon. og Ingólfur Skúlason stund. oecon.

Þetta er í fyrsta sinn, sem rit um refarækt hefur verið gefið út á íslensku, og má því búast við, að margir hafi áhuga á að kynna sér rit þetta nú, á tímum, þegar mikið er rætt um aukabúgreinar.



Ingólfur Skúlason.



Björgólfur Jóhannsson

„Refarækt" er byggð á viðræðum við fjölda aðila og vettvangskönnun höfunda í refabúum við Eyjafjörð, svo og athugunum á stofn- og rekstrarkostnaði. Bókin skiptist í 7 kafla. Dreifingu annast Kjörbær hf., Birkigrund 31, Kópavogi.



Frá sýningu Braga að Kjarvalsstöðum. Tímamynd: Róbert.

# BRAGI ÁSGEIRSSON Á KJARVALSSTÖÐUM

EKJ — Bragi Ásgeirsson opnaði yfirlitssýningu á verkum sínum síðustu helgi. Sýningin mun vera ein sú stærsta sem haldin hefur verið á Kjarvalsstöðum.

— Ég geri þetta mest í tilefni fimmtugs afmælis míns sem er á næsta ári, sagði Bragi, en af sérstökum ástæðum er hægt að halda svo yfirgripsmikla sýningu þá. Myndirnar spanna 33 ára tímabil og þetta er geysimikið. Verkin eru í olíu, pastelvatnslitum o.fl. Það er mikið af grafík og einnig upphleyptar myndir, þar sem ég nota ýmsa hluti í verkunum. Bragi sýnir í báðum sölunum og á göngum.

Sýningin verður opin til 2. nóvember og er opin alla daga frá 2-10.

Bókin „Áfangar" kom út á 1. sýningardegi, en hún er myndskreytt af Braga.

# Fyrstu háskólatónleikar vetrarins

Fyrstu Háskólatónleikar vetrarins verða í Félagsstofnun stúdenta sunnudaginn 26. október kl.17.00.

Jean Mitchell, mezzósópransöngkona frá Englandi, mun ásamt Ian Sykes pianóleikara flyja enska söngva frá 17.,18. og 20. öld og ljóðaflokkinn Chants de Terre et de Ciel, eða Söngva um Jörðu og himin eftir franska tónskáldið Olivier Messiaen.

Jean Mitchell er frá Liverpool

Framhald á bls. 19.

Útifundur farandverkafólks í dag:

# „Leita þarf dæma í þriðja heiminum

## – til að finna hliðstæðu kjara sem útgerðarvaldið býður farandverkafólki"

HEI — Baráttuhópur farandverkafólks hyggst efna til útifundar á Lækjartogi kl.17 í dag til þess að mótmæla andstöðu atvinnurekenda við kjarabaráttu launþegasamtakanna í landinu, að því er segir í tilkynningu frá samtökunum.

Þá segir að meðal þeirra krafna sem atvinnurekendur séu hvað brjáláðastir yfir, séu kröfur farandverkafóls um greiðslu ferða- og fæðiskostnaðar. Þeir hafi ævinlega neitað að fá þessar kröfur upp á borð hjá sér, hvað þá meira. Lýsi þau vinnubrögð engu öðru en fullkominni fyrirlitningu á farandverkafólki og verkalýðshreyfingunni. Varðandi þessi atriði sé þó um hreint rán að ræða og þurfi jafnvel í sumum tilfellum að leita dæma í þriðja heiminum til að finna hliðstæðu við slík kjör, sem útgerðarauðvaldið býður farandverkafólki uppá.

Jafnframt er ljóst af tilkynningunni að Baráttuhópnum finnst ASÍ standa sig illa í baráttunni fyrir farandverkafólk, þannig að ekki verði við unað.

# Prestkosningarnar

AB — Talningu í Ásprestakalli lauk í gær. Á kjörskrá voru 2653, og þar af greiddu 1004, eða tæplega 40%. Einn umsækjandi var um stöðuna, Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson, sem gegnt hefur stöðu sóknarprests á Ólafsvík um 8 ára skeið. Kjörsókn sóknarbúa hlýtur að teljast mjög góð þegar haft er í huga að aðeins einn umsækjandi var um stöðuna. Árni fékk 990 atkvæði, auðir seðlar voru 11 og ógildir 3.

Á það má benda að Árni hefur í raun miklu hærri prósentutölu af atkvæðum en þeir sem unnið hafa lögmætar kosningar þar sem umsækjendur eru tveir og atkvæði skiptast jafnt, eins og t.d í Seljasókn nú nýverið.

Þá var einnig talið á Sauðarkróki í gær. Þar voru 1350 manns á kjörskrá, 841 greiddu atkvæði, 837 greiddu umsækjanda Sr. Hjálmari Jónssyni á

Framhald á bls. 19.